

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Entresto®

ATC flokkur: C09DX04 – valsartan og sacubitril (Entresto®)

Dagsetning: 1. febrúar 2024

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Langvinn hjartabilun í NYHA flokki II-IV og LVEF (útfallsbrot vinstri slegils) $\leq 40\%$ þar sem grunnmeðferð hefur ekki reynst fullnægjandi eða aukaverkanir leitt til þess að stöðva þurfi notkun þeirra lyfja.
- Tilgreina skal hvaða lyf hafa verið reynd og í hve langan tíma.

Grunnmeðferð er:

- Meðferð með hæsta þolanlega skammti af ACE hemli / angíótensin II viðtakablokka
- Einstaklingsmiðuð meðferð með betablokkerum

Fyrsta umsókn skal gerð af sérfræðingi með sérþekkingu í hjarta- og æðasjúkdómum.

Gildistími:

5 ár